

## REGLUGERÐ

### um hámarkslánshlutfall og hámarksfjárhæð HMS-veðbréfa.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um lánshlutfall og fjárhæðir HMS-veðbréfa, sem gefin eru út samkvæmt VI. kafla laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, um almenn lán til einstaklinga.

Um framkvæmd og nánari skilyrði lánveitinga Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar samkvæmt VI. kafla laga um húsnæðismál, um almenn lán til einstaklinga, gildir reglugerð um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf.

#### 2. gr.

##### *Lánshlutfall.*

Lánveiting samkvæmt HMS-veðbréfi getur numið allt að 80% af matsverði íbúðar. Taka ber tillit til framfar áhvilandi lána þannig að HMS-veðbréfið ásamt áhvilandi lánum framfar í veðröð séu innan þessara marka.

#### 3. gr.

##### *Hámarksfjárhæð.*

Hámarksfjárhæð HMS-veðbréfs bæði til kaupa á notaðri íbúð og vegna nýbygginga er 44.000.000 kr. Hámarksfjárhæð skv. 1. másl. miðast við að veðbréfið hvíli á fyrsta veðrétti. Ella skulu uppfærð, framfar áhvilandi lán koma til frádráttar hámarksfjárhæð.

#### 4. gr.

##### *Hámark lána vegna viðauka og til endurbóta.*

Lán vegna viðauka og til endurbóta skv. VII. kafla reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, ásamt öllum uppfærðum lánum sem á undan hvíla, skal rúmast innan 80% af matsverði viðkomandi íbúðar.

Fjárhæð láns samkvæmt þessari grein og uppreiknaðra áhvilandi lána Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, má samanlagt ekki nema hærri fjárhæð en 44.000.000 kr. Aukalán til einstaklinga með sérþarfir skerða ekki þetta hámark.

Útgefið HMS-veðbréf samkvæmt þessari grein skal að lágmarki nema 400.000 kr.

#### 5. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr. og 29. gr. laga um húsnæðismál öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um lánshlutfall og fjárhæð ÍLS-veðbréfa, nr. 540/2006, með síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytinu, 12. nóvember 2021.*

**Ásmundur Einar Daðason.**

*Gissur Pétursson.*